

á fundi, stjórna þessum fundum og bóka það sem fram fer, og 1851.
 2. að hve miklu leyti það sje nóg, að bæjarfóetinn ásamt 28. septbr.

að minnsta kosti þremur bæjarfulltrúunum skrifi undir ávísanir í bæjarsjóðinn, eða sá eða þeir sem hinir fulltrúarnir hafa falið það á hendur, eða, ef engum hefur verið falið það á hendur, hvort að nauðsyn beri til, að allir bæjarfulltrúarnir skrifi undir.

Eptir að stiptamtmaður hafði sagt álit sitt um þetta mál, skar stjórnin úr því á þessa leið:

1. að, þar eð álíta mætti, að bæjarfóeti væri forseti í allri bæjarstjórninni, hefði hann einnig rjett til að kveðja bæjarfulltrúana til funda þeirra, sem þeir, eptir bæjar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, geta átt við hann, og eins leiði það af sjálfu sjer, að hann stjórnir umræðunum og bóki það sem fram fer, ef að hann vill gjöra það, að sínu leyti eins og það sem ákveðið er um forstjóra bæjarfulltrúanna í 15. gr. reglugjörðarinnar;

2. að það er álit stjórnarinnar, að það sje nóg, að þeir fulltrúar, sem gjöra einhverja ályktun, er það leiðir af, að ávísun er gjörð í bæjarsjóðinn, skrifi undirhana á samt bæjarfóetanum, fyrst að bæjarfulltrúarnir hafa ekki neytt þess valds, er þeim var veitt í reglugjörðinni 24. nóvember 1846, að velja einn eða fleiri af fulltrúunum til að skrifa undir ávísanir í bæjarsjóðinn. Þess skal og getið, að ályktun er lögmæt eptir 15. gr. reglugjörðarinnar, þegar 3 fulltrúar eru við staddir, eða þegar hún er gjörð með 2 atkvæðum, og leiðir þar af, að ekki er ætíð nauðsynlegt að þrír fulltrúar skrifi undir ávísunina.

18. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð-

ur- og austurumdæminu um sameiningu brauða í 30. septbr.

Skagafirði.

Kirkju- og kennslustjórnin hefur skýrt þessu stjórnarráði frá, að Hans Hátign konungurinn hafi 25. þessa mánaðar allra-mildilegast fallizt á uppástungu hennar:

1. að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaðabrauð í Skagafjarðarsýslu, þegar það losnar næst, og leggja Flugumýrar-sókn við Miklabæjarbrauð, og Hofstaðasókn til Viðvíkur og Hóla, og

1854. 2. að leggja megi konungsjörðina Viðvík til hins sam-
 30.septbr. einaða brauðs Hóla, Viðvíkur og Hofstaða til fullrar eignar, til
 ábýlisjarðar fyrir prestinn í brauðinu, en ljensjörðin Hjaltastaðir
 og hjáleigurnar Hjaltastaðahvammur og Hjaltastaðakot, sem nú
 eru eign Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, skulu þá verða kon-
 ungseign.

14.októbr. **91. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 um skipgjald.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar brjef frá bæjar-
 fóetanum í Reykjavík, er bað um úrskurð stjórnarinnar um það:

1. hvort að taka megi gjöld þau, sem ákveðin eru í auka-
 tekjureglugjörðinni 10. september 1830, 62. gr., fyrir að fá ný
 skipaskjöl, ásamt gjaldi því, er til er tekið í 8. gr. laganna
 15. apríl þ. á.

2. hvort líka megi taka gjald það, sem ákveðið er í til-
 skipun 11. september 1816, 11. gr., ásamt gjaldi því, er til er
 tekið í 8. gr. laganna 15. apríl þ. á., þar eð það er ákveðið
 með sjerstöku lagaboði, og

3. ef að þessu sje neitað, hvort hann (bæjarfóetinn) þá
 ekki geti fengið uppbót fyrir gjald það, er hann hefur haft fyrir
 að endurnýja skipaskjöl, samkvæmt opnu brjefi 28. desember 1836,
 15. gr., og kveður hann gjöld þessi, sem eptir lögnum 15.
 apríl ekki á að gjalda framvegis, hafa verið hjerumbil 30 rda
 á ári í Reykjavíkurl þinghá.

Þessu svaraði stjórnin á þessa leið:

1. Þar eð lögin 15. apríl þ. á. leggja ekki þessum valds-
 manni önnur störf á herðar, er siglingar snerta, heldur en hann
 hafði eptir hinni eldri löggjöf, getur það ekki verið umtalsmál, að
 heimta megi gjald það, sem talað er um í aukatekjureglugjörðinni
 10. september 1830, 62. gr., eða nokkurn hluta þess, ásamt
 gjaldi því sem ákveðið er í áður nefndum lögum.

2. Þó nú svo væri, að gjald það, sem um ræðir í tilskipun
 11. septemb. 1816, 11. gr., væri ekki úr lögum tekið með